

Álfakongurinn.

Eftir Goethe.

Hver ríður svo ört yfir ís og hjarn
um aftan síðla? Faðir með barn.
Hann heldur á drengnum í faðmi fast,
því frost er mikið og veður hvast.

»Ég dætur minar læt þjóna þér,
ef þú vilt, barn mitt, koma með mér;
þær dætur minar þér dilla kátt
og dansa og syngja um myrka nátt«.



»Hvi ertu, barn mitt, að byrgja þig?«
»Það ber nokkuð undarlegt fyrir mig;
sko álfakónginn með krónu og skart«.
»Þar kvikar, son minn, norðljós hjart«.

»Æ, sko, minn faðir, í skugganum þar,
þær skínandi huldumeyjarnar«.
»Þú, sonur minn góði, ég sé það vel,
þú sér þar að eins hin gráu él«.

»Sjá, barn mitt, álfarnir koma' á kreik,
ég koma skal við þig í fagan leik.
Ég marglit blóm hef og margskyns gull,
af mætum gripum er höll mín full«.

»Ég elska þig, barn mitt, svo afarheitt,
ef ei þú kemur, skal valdi beitt«.
»Æ, faðir minn, faðir, mig frelsa þú,
ég finn, hve kippir hann í mig nú«.

»Æ, faðir minn, faðir minn, heyrirðu'
ei, hvað
mér hvíslar álfakongurinn að?«
»Ver svoltíð rólegur, sonur minn,
í sefinu þýtur vindurinn«.

Þá geigur fór um hinn gamla hál,
og geyst hann reið yfir mörk og dal.
Hann heim með naumindum náði þá;
þá nær í faðmi hans barnið lá.

V. Br. þýddi.